

Sp.

394. Fyrirspurn

[230. mál]

til iðnaðarráðherra um sjóefnaverksmiðju á Reykjanesi.

Frá Halldóri S. Magnússyni.

Óskað er skriflegs svars við þessum spurningum:

1. Hvað líður rannsóknnum vegna byggingar og rekstrar sjóefnaverksmiðju á Reykjanesi?
2. Hvenær er þess að vænta, að fullnaðarniðurstöður liggi fyrir, þannig að unnt sé að taka ákvörðun um það, hvort og með hvaða hætti verksmiðjan yrði byggð?

Greinargerð.

Íslenskir vísindamenn hafa í fjöldamörg ár fengist við að rannsaka möguleika og hagkvæmni efnavinnslu úr sjó hér á landi. Síðustu árin hafa rannsóknirnar beinst alfarið að Reykjanesi með nýtingu jarðvarmans þar í huga. Orkustofnun skilaði skýrslu í febrúarmánuði 1971 um rannsókn jarðhitasvæðisins á Reykjanesi. Niðurstaða þeirrar skýrslu er sú, að sterkar líkur séu á því, að svæðið muni standast álag vegna sjóefnavinnslu, ef jarðsjórinn sé sóttur í berglög á 1000—2000 m dýpi. Á grundvelli þessarar skýrslu mælir Orkustofnun með því, að boraðar séu vinnsluholur og svæðið álagsprófað í áföngum, ef tryggt þyki að öðru leyti, að ráðist verði í sjóefnavinnslu á Reykjanesi.

Áður en unnt er að fullyrða, að rétt sé að byggja sjóefnaverksmiðju á Reykjanesi, þarf að liggja fyrir, að það sé tæknilega framkvæmanlegt, að arðsemi verksmiðjunnar sé viðunandi, og hugmyndir þurfa að vera uppi um það, hvernig fjármögnun framkvæmdanna geti verið háttáð.

Fruunathuganir benda til þess, að sjóefnaverksmiðja á Reykjanesi sé þjóðhagslega hagkvæmt fyrirtæki.

Hér er um stórmál að ræða, og full ástæða er til þess, að unnið sé að rannsóknnum af fullri alvöru, þannig að málið komist sem fyrst á ákvörðunarstig.